

Úrskurður 2/2019

A kærði ákvörðun Tollstjóra um synjun á niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna sendingar sem innihélt jólagjöf en sendandi gjafarinnar hafði skráð lögheimili á Íslandi.

Kærandi hélt því fram að sendandi hefði fasta búsetu á Spáni þar sem hann stundaði nám og því félli sendingin undir skilyrði undanþáguákvæða varðandi gjafasendingar, þrátt fyrir að sendandinn hafi haft skráð lögheimili á Íslandi.

Niðurstaða

Í a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 32. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi er kveðið á um undanþágu frá almennri tollskyldu varðandi gjafir sem sendar eru til frá einstaklingum búsettum erlendis. Undanþágur eru almennt túlkaðar þröngt og eru gerðar ríkar kröfur um að skilyrðum fyrir undantekningum á almennri tollskyldu séu fyrir hendi. Tollstjóri miðar búsetu almennt við skráningu lögheimilis en í áður tilgreindum ákvæðum er ekki gerð krafa um fasta búsetu erlendis, eins og gert er t.d. í 4. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga varðandi tímabundinn innflutning á bifreiðum. Þar að auki voru í máli þessu lögð fram gögn sem sýndu með óyggjandi hætti fram á búsetu sendanda á Spáni til nokkurra ára. Tollstjóri taldi því rétt, eins og máli þessu var háttað og með hliðsjón af framlögðum gögnum, að veita kæranda undanþágu skv. a-lið 8. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og 32. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi. Því var ákvörðun Tollstjóra um höfnun á niðurfellingu aðflutningsgjalda af umræddri sendingu felld úr gildi.